

**Mál nr. 228/2008**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar orkuveitu.**

**Lok yfir ljósabúnað í ljósastaur olli skemmdum á bifreið þann 17.11.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 28.10.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 10.11.2008, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Þann 17.11.2008, um kl. 13.00, ók M bifreið sinni A vestur Miklubraut í Reykjavík. Er hann átti skammt ófarið að Skeiðarvogsbrú kvað hann högg hafa komið framan á A og hafi hann séð eitthvað lenda á hægra frambretti hennar. Er hann stöðvaði sá hann að lok yfir ljósabúnað í ljósastaur hafði lent á A og valdið skemmdum. Mikið rok hafi verið er þetta gerðist.

Í umsögn O, eiganda ljósastoursins, segir að ekkert bendi til að ekið hafi verið á stólpann. Uppsetning ljósabúnaðarins hafi verið fullnægjandi þar sem festingar og grind ljósabúnaðarins hafi ekki fokið af. Þarna hafi vindálag brotið lokið af grindinni.

Samkvæmt veðurfarsupplýsingum frá Veðurstofu Íslands þann 17.11.2007 var vindhraði í Reykjavík kl. 12 á hádegi 9,8 m á sekúndu og í mestu hviðum 14,7 m á sekúndu. Kl. 15 var vindhraðinn 9,5 m á sekúndu og í mestu hviðum 19,1 m á sekúndu.

**Álit.**

Ekki liggur fyrir með skýrum hætti á hvern hátt lokið losnaði að öðru leyti en því að það hafi gerst sökum vindálags, en mikið rok var. M vissi ekki fyrr en hann fann að högg kom á A. Ekki verður ráðið hvort lokið hafi lent á A í beinu framhaldi þess að það losnaði úr festingum sínum eða síðar. Samkvæmt gögnum málsins verður að telja ósannað að lokið hafi losnað vegna vanbúnaðar eða mistaka af hálfu starfsmanna O við uppsetningu þess. Að þessu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að skemmdir á A hafi orðið af völdum atvika sem O ber skaðabótaábyrgð á gagnvart M.

**Niðurstaða.**

Tjón M er ekki bótaskyld.

Reykjavík, 25. nóvember 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.